

12. stjórnarfundur Alnæmisbarna, 12. janúar 2005

Haldinn 12. janúar 2005. Mætt: Gestur Gíslason, Þórunn Sveinbjarnardóttir, María J. Gunnarsdóttir og Bjarni Reykr Kristjánsson.

Fundarboð

Til stendur að halda félagsfund til minningar um Erlu Halldórsdóttur. Tillaga Maríu að fundarboðstexta samþykkt. Ákveðið að leita til Benedikts Steingrímssonar eða Halldórs Ármannssonar um fundarstjórn.

Dagskrá félagsfundar

1. Minningarorð (Þórunn)
2. Ný skipan og starfið að undanfögnu (Þórunn)
3. Starfið framundan (María og Helga)
4. Stofnun starfshópa (María og Helga). Hér gætu orðið til nýsköpunarhópur og fjáröflunarhópur.

Heimasíða

Ákveðið að setja minningargrein stjórnar um Erlu Halldórsdóttur á forsíðu heimasíðunnar. Einnig skal fundarboð sett á forsíðu.

Úgandaferð

Ferð Hildar Gestsdóttur og Maríu J. Gunnarsdóttur veður fljótlega eftir 26. febrúar.

Samvinna við HÍ

Til stendur að ræða við Jónínu um tengsl og möguleika við að aðstoða stúdenta í Kampala.

Ferðalög

Stjórnin var sammála um að stofna sérstakan ferðareikning og halda honum aðgreindum frá því söfnunarfé sem rynni beint til styrktar stúlkanna hjá CLF. Reikningurinn yrði notaður til að standa straum af ferðakostnaði sem óhjákvæmilegur er til að halda góðum tengslum við CLF í Kampala.

Kertasala og sérstakir styrkir rynnu í þennan sjóð. Nú verður líklega að nota peninga af reikningi Alnæmisbarna til að kosta flugmiða Maríu til Kampala. María mun sjálf greiða annan kostnað í ferðinni.

Ný skipan í stjórn vegna fráfalls Erlu Halldórsdóttur.

Það er vilji stjórnar að Hildur Gestsdóttir taki sæti Erlu í stjórninni.

ritari: Bjarni Reyr Kristjánsson